

Nd. 235. Frumvarp til laga [115. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar jörðina Vindheim í Neskaupstað.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar jörðina Vindheim í Neskaupstað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni bæjarstjórans í Neskaupstað, en bæjarstjórn kaupstaðarins hafði falið honum að hlutast til um, að það yrði flutt.

Jörðin Vindheimur er við botn Norðfjarðar norðanverðan og öll innan lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar. Á jörðinni eru tvö íbúðarhús í eigu ábúanda, Vindheimur og Miðhús (Naustahvammur 64 og 56). Stærð landsins er rúmir 30 þús. fermetrar. Engir úthagar eða beitarréttindi fylgja jörðinni.

Árlegt afgangur af jörðinni til ríkissjóðs er kr. 250.00 á ári.

Bæjarstjórn stefnir að því að ná til bæjarsjóðs eignarrétti á öllu landi innan lögsagnarumdæmisins. Er flutningur þessa frumvarps liður í þeirri viðleitni.